

8. gr.

Reglugerð þessi er samin skv. 3. gr. laga nr. 82 frá 31. desember 1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20 frá 21. maí 1979 um breyting á þeim lögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 140 frá 21. mars 1978.

Fjármálaráðuneytið, 4. febrúar 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

8. febrúar 1980.

Nr. 158.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um álagningu gatnagerðargjalda
við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 486 11. nóvember 1975.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir skulu vera þeir sömu og vextir Byggðasjóðs á hverjum tíma en falli niður af síðustu afborgun ef fullnaðarfrágangi götu er ekki lokið á gjalddaga.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

13. febrúar 1980.

Nr. 159.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 402
25. sept. 1979, með síðari breytingum.

Tafla I í gjaldskránni hljóði þannig:

Tafla I. Orku og aflaverð, fastagjöld, mæla og rofaleiga.

Númer gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárliða	Orku- verð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag- greiðslur	Árs- greiðslur
A-lýsing.			
A 1. Með fastagjaldi	46.98	2.09/m ²	763/m ² .
A 2. Án fastagjalds	124.58		
B-Heimilisnotkun o. fl.			
B 1. Heimilisnotkun	35.37	8.31	3033/herb
B 2. Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	72.24		

Númer gjald- skrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orku- verð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag- greiðslur	Árs- greiðslur
C-Vélanotkun.				
C 1.	Með fastagjaldi	46.98	27.65/kW	10092/kW
C 2.	Með rofi 1.5 klst/dag	35.37		
C 3.	Stórnotkun (Afltaxti)	11.24	113.34	41369/kW
D-Húshitun.				
D 1.	Án rofs	25.72		
D 2.	Rof 1.5 klst. á dag	14.36		
D 3.	Rof 2.5 klst. á dag	13.31		
D 4.	Rof 4.5 klst. á dag	10.66		
D 5.	Rof 14.5 klst. á dag	7.53		
D 6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag ..	8.69		
E-Annað.				
E 1.	Sérsamningar			
E 2.	Gatna og hafnarlýsing			
E 3.	Lokun og enduropnun veitu		6 000	
Mæla- og rofaleiga.				
10	Einfasa		6.33	2 310
11	Einfasa með rofa		34.81	12 706
20	Prífasa		25.37	9 260
21	Prífasa með rofa		53.79	19 633
24	Prífasa með tveim rofum		66.45	24 254
30	Prífasa með aflmæli		41.12	15 009

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 15. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 13. febrúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Margrét Traustadóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I Raforka.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	148.50 á kWst.
1.2	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	44.50 á kWst.